

Sjóstangaveiðimót Sjóis 2007

Aðalmót Sjóstangaveiðifélags Ísfirðinga var haldið föstudaginn 6. júlí og laugardaginn 7. júlí 2007 með 27 keppendum, 6 konum og 21 karli, frá 7 félögum. Mótið er eitt af átta mótum á vegum Sjól, Landssamtaka sjóstangaveiðifélaga, þar sem keppt er til Íslandsmeistarátignar í karla- og kvennaflokki og var mótið það fimmta í röðinni á árinu. Róið var frá Bolungarvík á átta bátum aðallega á veiðislóð undir Stigahlíðinni, Deildinni, Ritnum og Aðalvíkinni. Fyrri daginn var veitt frá kl. 6.00 til kl. 14.00 en seinni daginn frá kl. 6.00 til kl. 13.00. Alls veiddust 5.324 fiskar sem vógu 9.139,05 kg. eða 351,50 kg. að meðaltali á veiðistöngina. Níu tegundir veiddust; þorskur, ufsi, ýsa, karfi, steinbítur, sandkoli, rauðspretta, lýsa og marhnútur.

Tvö Sjóis tegundarmet voru slegin í mótinu. Ýsa sem vóg 4,200 kg. veiðimaður Erlendur Guðjónsson, Sjór og marhnútur 0,543 kg. veiðimaður Guðrún Jóhannesdóttir, Sjóak.

Blönduð sveit frá Sjóak og Sjósígl sigraði í sveitarkeppni kvenna með 1.243 kg. Önnur varð sveit frá Sjóak með 878 kg. Í karlaflokki sigraði sveit frá Sjór með 1.509 kg. Í öðru sæti varð sveit frá Sjósígl með 1.319 kg. og í þriðja sæti blönduð sveit frá Sjóak og Sjóskip með 1.053 kg.

Í einstaklingskeppni kvenna sigraði Guðrún Jóhannesdóttir, Sjóak með 602 kg. Í öðru sæti varð Sigríður Rögnvaldsdóttir, Sjósígl með 369 kg. og í þriðja sæti Sigfríð Ó. Valdimarsdóttir, Sjóak með 324 kg.

Í einstaklingskeppni karla sigraði Einar Kristinsson, Sjór með 592 kg. Í öðru sæti varð Þórarinn Magnússon, Sjósígl með 566 kg. og í þriðja sæti Árni Halldórsson, Sjóak með 517 kg.

Aflahæsti heimamaðurinn varð Þórir Sveinsson með 383 kg.

Auk verðlauna fyrir sigur í sveita- og einstaklingskeppni voru veitt verðlaun fyrir stærstu fiska einstakra tegunda, fyrir stærsta fisk mótsins, til aflahæsta heimamannsins, fyrir flestar veiddar tegundir og hæstu meðalþyngd. Aukaverðlaun voru veitt fyrir að slá út gildandi Sjóis-met.

Aflahæsti skipstjórinn varð Sigurður Hjartarson og áhöfn hans á Sjófugli með 1.761 kg. eða 587 kg. að meðaltali á veiðistöngina. Í öðru sæti varð Guðmundur Einarsson og áhöfn hans á Ásdísi með 1.189 kg. eða 396 kg. að meðaltali á veiðistöngina. Í þriðja sæti varð Sigurður Hálfánarson og áhöfn hans á Snjólfvi með 1.065 kg. eða 332 kg. að meðaltali á veiðistöngina.

Keppt var eftir “Reglum um sjóstangaveiði”, sem settar voru á aðalfundi Sjól í Reykjavík 1. apríl 2006. Mótsstig, bátastig og bónusstig voru reiknuð út samkvæmt stigagjöf Sjól fyrir karla annars vegar og fyrir konur hins vegar. Lágmarkslengd þorsks var 45 cm. og ufsa 50 cm. en engar lágmarkslengdir giltu fyrir aðrar tegundir fiska. Ítarleg mótaskrá með öllum helstu upplýsingum um mótið var afhent keppendum á mótsetningu fimmtudaginn 5. júlí. Metaskrá yfir stærstu fiska í mótum Sjól, Landssambands sjóstangaveiðifélaga, frá árinu 1991 til 1997 var birt í mótaskránni.

Auk aðstoðarmanna, sem voru á mörgum bátanna, til að hjálpa keppendum að taka fiska af krókum, greiða úr flækjum og blóðga fiskinn, var trúnaðarmaður á hverjum báti til að veita keppendum leiðbeiningar, raða niður á veiðistaði um borð, útteila nesti, útfylla aflaskýrslur, sjá um skiptingar á miðjum veiðitímanum og að tilkynna um lok veiðitímans báða dagana ásamt að fylgjast almennt með að allt færi rétt fram. Dómnefnd skipuð fulltrúum sjö félaga starfaði og barst engin kæra til nefndarinnar. Bryggjustjóri var tengiliður á milli keppenda, báta og starfsfólks við mótið í landi. Aflinn var brúttóvígtaður áður en hann fór í hús en vigtað var á einum stað undir stjórn vigtunarstjóra.

Mótið heppnaðist í alla staði hið besta. Á föstudaginn bauð félagið uppá kjötsúpuna góðu og á laugardaginn fengu keppendur hressingu er í land var komið.

Mótsetningin á fimmtudaginn 5. júlí, tölur föstudagsins 6. júlí og lokahófið 7. júlí var haldið í veitingarhúsinu vaXson.is í Bolungarvík en dansleikur fór fram í Víkurbæ þar sem hljómsveitin Eurobandið lék fyrir dansi. Myndir frá mótinu má sjá á heimasíðu félagsins **www.sjois.is**.

Stjórn Sjóstangaveiðifélags Ísfirðinga vill þakka öllum sem tóku þátt eða komu að mótinu; keppendum, skipstjórum og aðstoðarmönnum þeirra, eigendum bátanna og starfsmönnum.